

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2008

frá 5. desember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008 frá 14. apríl 2008 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar skrá ársins 2009 um aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 365/2008 frá 23. apríl 2008 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Banda laginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarjórðungum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 391/2008 frá 30. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 102/2007 um samþykkt forskriftar um sérstaka einingu fyrir árið 2008 um aðstæður innflytjenda og nánustu afkomenda þeirra á vinnumarkaðnum ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 119, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 15.

„18x. **32008 R 0362**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008 frá 14. apríl 2008 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar skrá ársins 2009 um aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum (Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18al (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2008):

„18am. **32008 R 0365**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 365/2008 frá 23. apríl 2008 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 22).

18an. **32008 R 0377**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 18ak (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007):

„eins og henni var breytt með:

– **32008 R 0391**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 391/2008 frá 30. apríl 2008 (Stjtíð. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 362/2008, 365/2008, 377/2008 og 391/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.